

Ár 1912, mánudaginn 16. september.

Nr. 59/1911

Jósef Jóhannesson

og

Pétur Þorgrímsson

gegn

Útbúi Íslandsbanka á Akureyri.

D ó m u r :

Með samningi dags. 14. marz 1907 veitti stefndi, Útbúi Íslandsbanka á Akureyri, N. Lilliendahl og Jósef Jósefssyni, kaupmönnum þar, reikningslán að upphæð 5000 kr., og undir þennan samning rituðu áfrýjendurnir Jósef Jóhannesson járnsmiður, Pétur Þorgrímsson verzlunar- maður og tveir menn aðrir sem sjálfskuldarábyrgðarmenn in solidum fyrir láninu, en með því að eigi var staðið í skilum af hálfu lánþega samkvæmt lánssamningnum, höfðaði útbúið mál þetta á hendur áfrýjendum fyrir gestarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar, til greiðslu á láninu, og voru þeir með dómi réttarins, uppkveðnum 11. nóv. f. á., dæmdir til að greiða útbúinu 3797 kr. 98 aur. með 5 1/2 % ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, og 20 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdóms- ins með stefnu dags 18. nóv. f. á. og krafist algerðrar sýknunar í málinu, annaðhvort skilyrðislaust eða gegn því, að þeir staðfesti með eiði þann framburð sinn, að þeir hafi sagt upp ábyrgð sinni við útbússtjóran skömmu eftir að hún var stofnuð og boðist til að borga skuldina eins hún var þá, og útbússtjórinn tekið þá uppsögn gilda; svo krefjast þeir og málskostnaðar, en til vara að verða að

eins dæmdir til að greiða stefnda 282 kr. 51 e. vaxtalaust, með því skilyrði þó, að hann sýni útborgunarheimild fyrir þessari upphæð, og að málskostnaður verði þeim dæmdur eða látinn falla niður; ennfremur til vara, að þeim verði að eins gjört að greiða  $\frac{1}{4}$  hluta af kröfunni hvorum eða til ítrustu vara helming hennar in solidum, en málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefndi hefir krafist staðfestingar á gestaréttardómnum og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér báðir fyrir einn og einn fyrir báða málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Fáum dögum eftir að framangreint reikningslán var stofnað, 19. marz 1907, og eftir að lánþegar höfðu notað 282 kr. 51 e. af lánsupphæðinni, lagði annar þeirra, Jósef Jósefsson, á stað í ferð til útlanda, en fórst í þeirri ferð, og urðu afdrif hans kunn málsaðilum fyrir lok sama mánaðar. Eftir lát Jósefs hélt hinn lánþeginn, Lilliendahl, áfram að nota reikningslánið handa sjálfum sér til ársloka 1909; síðast greiddi hann upp í lánið 100 kr. 16. jan. 1911, og eftir reikningi útbúsins var skuld hans með vöxtum og viðskiftagjaldi 14. marz s. á. 3797 kr. 98 aur., sem áfrýjendurnir hafa verið dæmdir til að greiða stefnda.

Skuld þessa álíta áfrýjendurnir sér óskýlt að greiða, og telja þar til fyrst þá ástæðu, að reikningslánessamningurinn 14. marz 1907, hafi glatað gildi sínu við fráfall Jósefs Jósefssonar og þar með ábyrgð þeirra, því að hún hafi verið veitt fyrir lánþega báða í sameiningu; eftir lát Jósefs hafi því Lilliendahl verið óheimilt að nota lánið, og útbúinu að greiða meir af lánsupphæðinni en blúið var, og ábyrgð áfrýjenda taki þá að eins til þeirrar upphæðar, er lánþegar tóku út af láninu áður en Jósef dó, og þó því

að eins til þeirrar upphæðar, að sú greiðsla hafi farið löglega fram, þ. e. lánþegar báðir kvittað fyrir henni, því að þeir hafi tekið lánið í félagi til að nota það til verzlunar, er þeir ætluðu að reka í félagsskap; taka áfrýjendur það sérstaklega fram, og er því ekki mótmælt, að þeir hafi tekist á hendur ábyrgðina aðallega vegna Jósefs, sem þeir þektu og höfðu traust og álit á, en ekki vegna Lilliendahls, sem hafi þeim verið lítt kunnur og mundi hafa orðið erfitt að fá ábyrgðarmenn, ef hann hefði ekki verið í félagskap við Jósef, og þannig notið hans og hafi þetta verið stjórn útbúsins kunnugt, er hún veitti lánið. Ennfremur halda áfrýjendurnir því fram, að þeir hafi farið til útbúsins er þeir fréttu lát Jósefs, hitt þar útbússtjórnann og spurt hve mikið væri lánað; hafi þeim verið svarað 2—300 kr. og þeir tjáð sig fúsa til að greiða þessa upphæð, en jafnframt krafist þess, að eigi væri meira lánað upp á þessa ábyrgð, er þeir teldu sig með öllu lausa við eftir dauða Jósefs; þessu hafi útbússtjórninn svarað vel og sagt að lánið yrði samstundis afmáð úr bókum bankans, en þær 2—300 kr., sem notaðar væru af láninu, þyrftu þeir eigi að greiða, því þær mundu greiðast úr búi Jósefs og af hinum lánþeganum.

Þessari frásögn áfrýjenda hefir stefndi mótmælt, en hitt má telja viðurkent, að stefndi hafi eigi gjört áfrýjendum viðvart um, að útbúið héldi áfram að láta Lilliendahl nota reikningslánið og enn síður fengið samþykki þeirra til þess.

Þótt það sé eigi sannað, að áfrýjendurnir hafi sagt upp ábyrgð sinni við dauða Jósefs, og uppsögnin verið tekin gild af stefnda, og þó að það atvik, að stefnda var kunnugt um, að áfrýjendurnir höfðu gerst ábyrgðarmenn

fyrir reikningsláninu einkum vegna Jósefs Jósefssonar, geti eigi út af fyrir sig gert ábyrgðina ógilda, þá ber á það að líta, að við fráfall annars lánsþegans var orðin svo veruleg breyting á reikningslánsviðskiftum stefnda við lánþegana og aðstaða áfrýjendanna þá einnig önnur og svo miklum mun lakari, að svo verður að líta á, að stefnda hafi eigi verið heimilt að halda nefndum viðskiftum áfram við Lilliendahl eftir dauða Jósefs upp á ábyrgð áfrýjenda, án þeirra samþykkis. Þeir verða því eigi dæmdir til að greiða stefnda þann hluta reikningslánsins með viðskiftagjaldi og vöxtum, er Lilliendahl notaði eftir að stefnda var kunnugt orðið um afdrif Jósefs, en fyrir þann tíma höfðu, eins og að framan er sagt, að eins verið notaðar kr. 282,51 af láninu. Þessa upphæð, sem báðir lánþegar virðast hafa tekið og kvittað fyrir, ber að dæma áfrýjendurna til að greiða stefnda með 5 1/2 % ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, en að öðru leyti eiga þeir að vera sýknir af kröfum stefnda í þessu máli.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendurnir, Josef Jóhannesson og Pétur Þorgrímsson greiði stefnda, útbúi Íslandsbanka á Akureyri, 282 kr. 51 e. með 5 1/2 % ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.